

Ágæti viðtakandi,

Árleg barnabókamessa Félags íslenskra bókaútgefenda fer fram í Hörpu 18. og 19. nóvember næstkomandi.

Þar gefst bókasöfnum grunnskóla kostur á að kaupa nýútgefnar barnabækur með lágmarksálagningu sem ekki býðst annars.

Reykjavíkurborg hefur frá upphafi (2017) styrkt skólasöfnin til bókakaupa á barnabókamessunni og hafa síðan önnur bæjarfélög bæst í hópinn. Um er að ræða sérmerkta upphæð sem miðast við nemendafjölda í hverjum skóla.

Í ár er veitt 430 krónum á hvern nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.

Markmiðið er að jafna aðstöðumun barna og unglinga þannig að allir hafi aðgang að nýjum bókum. Aldrei hefur verið mikilvægara að finna nýjar leiðir til að glæða áhuga barna á lestri. Lestur og lesskilningur leggur grunninn að öllu námi.

Skólasöfnin gegna mikilvægu hlutverki í lestrarhvatningu nemenda og lykilatriði er að hafa lestrarefni við hæfi og bjóða upp á nýjar og áhugaverðar bækur.

Við forstöðumenn skólasafna grunnskóla Kópavogsbæjar biðlum því til Kópavogsbæjar að sýna stuðning við Þjóðarsáttmálann í lestri með því að styrkja hvern grunnskóla um sambærilega upphæð og Reykjavík til bókakaupa á væntanlegri barnabókamessu.

Með von um góðar undirtektir,

Ásta María Ómarsdóttir Kópavogsskóla
Einar Eysteinnsson Vatnsendaskóla
Guðmunda H. Guðlaugsdóttir Snælandsskóla
Guðný Björk Einarsdóttir Álfhólsskóla – Hjalla
Guðrún Ólafsdóttir Kársnesskóla
Íris Alda Ísleifsdóttir Hörðuvallaskóla
Ólína Rakel Þorvaldsdóttir Smáraskóla
Sólveig Helga Gísladóttir Lindaskóla
Stefanía Lilja Óladóttir Salaskóla
Þórdís Edda Guðjónsdóttir Álfhólsskóla – Digranesi